



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Upplýsinga- og skjalastýring, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Útboð nr. 15329 um skönnun verkfræðiteikninga

Þrír aðilar sendu inn tilboð:

1. Gagnageymslan ehf.
2. Gagnavarslan ehf.
3. Pixel ehf.

Um var að ræða almennt útboð, sbr. 34. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup (OIL). Boðið var út á EES-svæðinu í samræmi við ákvæði 4. mgr. 23. gr. OIL, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1313/2020 um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir, skilgreiningu á verksamningum og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Haldinn var kynningarfundur í Borgartúni 12-14 þann 7. desember kl. 13 þar sem væntanlegum bjóðendum gafst kostur á að kynna sér útlit og ástand valinna teikninga.

Ein fyrirspurn barst á tilboðstímanum er varðaði ytra mál askjanna sem pakka ætti skjölunum í. Fyrirspurninni var svarað með útgáfu Viðauka 1 þann 16. desember 2021.

Tilboð voru opnuð þann 22. desember 2021.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Sá bjóðandi sem bauð lægsta verð var Gagnavarslan ehf. Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Gagnavörslunnar ehf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að sá þátttakandi sem var með hagkvæmasta gilda tilboðið, Gagnavarslan ehf., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsinga- og skjalastýring Þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur yfirfarið tilboð Gagnavörslunnar ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsinga- og skjalastýring Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar leggur til að gengið verði að tilboði Gagnavörslunnar ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

F.h. Upplýsinga- og skjalastýringar

Óskar Þór Þráinsson